

35%
afsláttur

KJARVAL

22%
afsláttur



1.635 RR.
KG.
Móa
kjúklingabringur



1.298 RR.
KG.
Goda grísakótelettur
Carabian



798 RR.
PK.
Goda grísa grill-
pinnar 3 stk.



389 RR.
PK.
Freschetta XL
4 tegundir



99 KR.
STK.
Rækjusalat
Hangljótsalat



99 RR.
2L.
Pepsi max
2 lítrar



79 RR.
STR.
Lif
ávaxtasafi



129 RR.
PK.
Myllu heilhv.
samlokubrauð



169 RR.
PK.
Doritos
snakk



298 RR.
PK.
Norpac
maísstönglar



199 RR.
KG.
Bökunar-
kartöflur í lausu



199 RR.
PK.
Náttúra
jöklasalat



399 RR.
PK.
Vestfiskur
ýsa roðlaus

- Sumartilboð Kjarvals -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

FRJÓ

Búrekstrarsvið

Gömlu gæðin í rúllubaggaplasti komin aftur!

Prófið og kannið muninn

Viðbrögð bænda og ekki síður landbúnaðarverktaka við að fimm laga rúllubagga plast sé komið aftur á markaðinn hafa verið mjög sterk. Nokkrir bændur hafa fullyrst að með þessu séu þeir að fá gæði í plasti sem hefur skort á í nokkur ár. Við viljum hvetja bændur til að reyna vöruna og kanna muninn

Fimm laga
rúllubaggaplast =

Jafnari líming
Slitsterkara
70% strekking
Öruggari afrúllun
Kuldapolið

Afgreiðslustaðir á suðurlandi eru:

Landflutningum Höfn
Eystra Seljalandi, Rangárþingi Eystra
Heiði, Bláskógabyggð
Auðbert og Vigfús ehf, Vik

Upplýsinga- og pantana sími er 5677860

FRJÓ

Sími 567 7860 fax 567 7863
frjo@frjo.is www.frjo.is

SMÁUGLYSINGAR

Til sölu

MF 128 baggabindivél árgerð 1992.
Hefur alltaf staðið inni.

Upplýsingar í síma 8687897

Hárgreiðslustofa mín

verður lokuð vegna sumarleyfa
til og með 17. júlí.

Sumarkveðjur.
Jóna Sigurbjartsdóttir



Héraðsbókasafnið Kirkjubæjarklaustri auglýsir:

Sumaropnunartími safnsins verður
frá 4. júlí til 21. ágúst
á miðvikudagskvöldum
frá kl. 20 - 22.

Bókavörður



Vitinn á www.sudurland.net

SKRIFSTOFA SKAFTÁRHREPPS

SUMARLOKUN 2007

*Skrifstofa Skaftárhrepps verður
lokuð vegna sumarleyfa
sem hér segir:*

**Frá 4. – 18. júlí,
báðir dagar meðtaldir**

**Frá 1. – 3. ágúst,
báðir dagar meðtaldir**

Sveitarstjóri
Bjarni Daníelsson

HVOLPAR

Foreldrar: móðir 50% labrador,
50% border collie, mjög blíð og
góð.
Faðir: 75% border collie, mjög
góður smalahundur.

Upplýsingar gefur Guðrún
í síma 8980142



Rofin eldrauð

Eftir nær mánaðar þurrkatíð og oft breyskjuþurrk samfara vindi og miklum hlýindum, hefur uppgufun verið mikil. Víða eru tún og úthagi hætt að spretta vegna vætu-leysis. Moldarrofin hér í Mýrdalnum hafa ekki farið varhluta af þessum skrælingi og þau eru víða orðin eldrauð á að líta.

Eflaust er farin fyrir bý í það minnsta að hluta, sú mikla vinna sem lögð hefur verið í uppræðslu rofabarðanna, þau eru nánast steikt. Allur garðagróður nánast kallar á vætu. Vætan eftir smá skúrir undanfarinna sólarhringa gufar upp um leið. Allur garðagróður einkum á þurrlendi liggur þegar undir stórskemmdum.

En þetta er að sjálfsögðu kjörtíð til heyska-par ef grasið er til staðar. Það hafa þegar of margir bændur slegið tún sín of graslítil og eftirtekja seinni sláttar ræðst af tíðarfarinu. Hætt er við að illa gangi að ná upp góðum

seinni slætti á tünun, sem þegar eru brunnin af þurrki, bara að júlí rigningarnar sem við höfum átt að venjast hér í Mýrdalnum verði ekki of seint á ferðinni.

Það er eins og margoft hefur komið fram og menn nánast þreifa á, veðráttan virðist vera að umbreytast. Vegna mik-illar hlýnunar rignir nánast yfir okkur allskyns pöddum og skorkvikindum og allskonar illgresi veður uppi. Fífillinn ásamt tilheyrandi biðukollum hefur ekki í mannaminnum sést jafn gróskumikill, og einnig skógarkerfilli og hvönn færa stöðugt út kvíarnar og eru að verða virki-legt vandamál.

Lúpínan er falleg í hæfilegu magni, og færir út sitt umráðasvæði er nú farin að nema land t.d. fram með veginum inn með Grafargili.

Þá má ekki gleyma njólanum, sem ætíð er mönnum til ama en er víst töluverð lækninga-jurt, sé hans neytt á réttan hátt eins og svo margar íslenskar jurtir. *E.*

Gróðrastöðin Dilksnesi auglýsir:

*Yfir 100 tegundir trjáplantna - Yfir 150 tegundir fjölærar blóma
sumarblóm - kálplöntur - kryddjurtir - pottar - ker og fleira*



ATH: Allar plöntur eru ræktaðar í Dilksnesi

**Opnunartími virka daga kl 13:00-18:00 -
um helgar 11:00-15:00**

Verið velkomin Gróðrastöðin Dilksnesi Hornafirði
Símar: 478 1920 og 849 1920

Með bréfi dags. 27. júní er boðað til hluthafafundar í Rangárbökkum, hestamiðstöð Suðurlands ehf. Samþykkt að Þórhildur fari með umboð Mýrdalshrepps.

IV. Efni lagt fram til kynningar:

1. Fundargerð 68. fundar Héraðsnefndar frá 19. júní 2007.
2. Fundargerð 2. fundar stjórnar Hollvínasjóðs Hjallatúns frá 14. júní 2007.
3. Fundargerð 10. fundar barnaverndarnefndar frá 10. maí 2007.
4. Fundargerð 11. fundar barnaverndarnefndar frá 22. maí 2007.
5. Fundargerð 100. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 19. júní 2007.
6. Bréf Umf. Drangs dags. 18. maí 2007.
7. Fundargerð aðalfundar Túns fyrir árið 2006.
8. Fundargerð fundar samstarfsnefndar lögreglu og sveitarfélaga frá 30. maí 2007.
9. Fundargerð 1. fundar almannavarnarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 30. maí 2007.
10. Fundargerð 267. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 1. júní 2007.
11. Fundargerð 95 fundar stjórnar Skólaskrifstofu frá 20. júní 2007.
12. Bréf Kammerkórs Suðurlands ódagsett.
13. Fundargerð 404. fundar stjórnar SASS frá 6. júní 2007.
14. Menningarsamningur Suðurlands.
15. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál.
16. Stefna í menningarmálum á Suðurlandi.
17. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11. júní 2007.

18. Bréf Rangárþings ytra dags. 12. júní 2007.

19. Eignarhaldsfélag Brunabótarfélags Íslands.

20. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

21. Fundargerð 3. fundar stjórnar Hollvínasjóðs Hjallatúns frá 27. júní 2007.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Björgvin Jóhannesson varaoddviti, Elín Einarsdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

Slökkvibíllinn gafst upp

Eini slökkvibíllinn á Kirkjubæjar-klaustri bræddi úr sér þegar hann var á leiðinni til að slökkva eld í mosa í Skaftárhreppi í síðustu viku. Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli, er bíllinn frá tímum síðari heimsstyrjaldar og er talið að ekki verði gert við hann. Von er á yngri en notaðri bifreið frá öðru slökkviliði.

Tekið af vef MBL 2. júlí 2007

Börn og starfsfólk

Leikskólans Kærabæjar

á Kirkjubæjarklaustri eru búin að gefa út nýjan ferðamannabækling, hægt er að nálgast hann á heimasíðunni um leikskólann og þar undir námskrá.

Slóðin er: leikskolinn.is/kaeribaer



Leikskólinn Kæribær á Klaustri

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

425. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 28. júní 2007 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn sveitarstjórnar. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur til að aðalfundarboð Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu ásamt fundargerð 20. stjórnarfundar verði tekið á dagskrá undir lið III-7 og fundarboð hluthafafundar Rangárbakka ehf undir lið III-8.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 4. fundar atvinnuálanefndar frá 7. júní 2006.

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð 142. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 21. júní 2007.

Á fundinum var m.a. fjallað um veglínur, göngu- og reiðleiðir vegna aðalskipulags. Fyrir lá bréf Vegagerðarinnar þar sem gerðar eru tillögur að nýjum veglínunum Hringvegur um Mýrdal, en Mýrdalshreppur hafði óskað eftir að Vegagerðin skoðaði nánar tvær veglínur í samráði við Umhverfisstofnun og Siglingastofnun, aðra sunnan byggðar í Vík og sunnarlega um Reynishverfi og hina um núverandi veg gegnum Vík, um göng við Borgarhól og norðarlega um Reynishverfi.

Vegagerðin gerir tvær tillögur að veglínunum sem falla reyndar saman á vestari hluta svæðisins. Skipulags- og byggingarnefnd telur að tillaga Vegagerðar um að fara með veginn um Reynisdal sé óásætlanleg og var

sammála um að tekin yrði afstaða milli veglína 5 og 6 á fyrirbyggjandi uppdrætti. Þrír greiddu atkvæði með línu 5 og tveir með línu 6.

Skipulags- og byggingarnefnd er þar með sammála um að leggja til að veglína 5 verði færð inn á aðalskipulagstillögu til umfjöllunar og afgreiðslu, þó með þeirri breytingu að fylgt verði tillögu Vegagerðarinnar vestan Brandslækjar.

Sveitarstjórn samþykkir að tillaga skipulags- og byggingarnefndar um veglínunni verði tekin sérstaklega til afgreiðslu.

Tillagan er samþykkt með þremur atkvæðum (EE, KP, BJ) gegn tveimur (SP, ÞJ).

Sveinn og Þórhildur leggja fram bókun:

Undirrituð greiða atkvæði gegn tillögu skipulags- og byggingarnefndar vegna eftirfarandi:

- Tillagan uppfyllir ekki markmið sem sett voru fram í greinargerð starfshóps um vegamál í Mýrdal frá árinu 2005 um að nýr vegur fari yfir sem minnst af ræktunarlandi en jarðir eru flestar litlar og ræktunarland því dýrmætt. Verði tillagan að veruleika er dýrmætu ræktunarlandi fórnad. - Ekki er tekið nægjanlegt tillit til athugasemda sem fram hafa komið vegna umhverfissjónarmiða, veglínun liggur um eða við svæði sem eru á náttúruminjasrá.

- Við erum sammála tveimur nefndarmanna skipulags- og byggingarnefndar sem telja veglínunni 6, um jarðgöng við Borgarhól og um norðanvert Reynishverfi þann kost sem best samrýmir umhverfis-, landnýtingar- og umferðaröryggissjónarmið. Við teljum að unnt sé að ná fram verulegum úrbótum á öryggi vegfaranda og þeirra sem við veginn búa án þess að fórna náttúruverðmætum eins og tillagan gerir ráð fyrir. Þetta má gera t.d. með því að koma upp hringtorgum beggja vegna Víkur, lækka hámarkshraða,

bæta gangbrautir og merkingar og hugsanlega koma upp göngubrú yfir veginn.

Sveinn Pálsson - Þórhildur Jónsdóttir

Björgvin leggur fram bókun:

Undirritaður greiðir atkvæði með tillögu skipulags- og byggingarnefndar, en vildi sjá veglínuna sunnar í Reynishverfi, eins og tillaga 2 býður upp á. Með því að fylgja nokkurn veginn norðanverðum ósbökkum Dyrhólaóss og svo áfram með göngum í gegnum Geitafjall, er hægt að halda veginum nokkuð beinum, komið er í veg fyrir frekara landbrot og sú leið hlífir betur ræktunarlandi bænda í Reynishverfi. Þessi leið tel ég að þjóni best hagsmunum heildarinnar.

Björgvin Jóhannesson

B-listinn leggur fram bókun:

Fulltrúar B- listans telja að raunhæfasta veglínun sé tillaga 5 sem Skipulags- og byggingarnefnd sammælist um og samþykkti á fundi sínum 21 júní sl. Þessi tillaga 5 að veglínu samrýmist jafnframt mjög tillögu Vegagerðarinnar (sbr bréf dags. 5. júní) en er færð suður fyrir megin byggðina í Reynishverfi.

Til framtíðar litið er afar óskynsamlegt að hringvegurinn liggja í gegnum íbúðabyggðina í Vík og áfram í gegnum jarðgöng í Borgarhóli, slíkt hefði í för með sér mikið raski í og við byggðina í Vík og eyðileggur verðmætt byggingarland. Gagnamunni vestan við Reynisfjall sem lægi norðan Hnúksins við Reyni lægi mjög nærri mannvirkjum og jafnframt yrði áfram viðvarandi mjög mikil umferð um bæjarhlöð bæjanna Lækjarbakka og Reynis.

Með veglínu 5 verður minnst rask fyrir núverandi byggð og minnstar skemmdir á landi.

Elín Einarsdóttir - Karl Pálmason.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt.

Sveitarstjórn tekur undir tillögu skipulags- og byggingarnefndar um að hámarkshraði innan Víkurkaupþúns verði 35 km/klst þ.m.t. á Hringveginum gegnum þorpið og felur sveitarstjóra að koma erindi þess efnis á framfæri við vegamálastjóra.

3. Fundargerðir 141. fundar fræðslunefndar frá 5. júní og 142. fundar frá 26. júní 2007.

Fundargerð 141 lögð fram til kynningar.

Á fundi 142 var m.a. samþykkt tillaga að reglum fyrir forgangshópa vegna leikskólavistunar.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar með lítilsháttar breytingum.

Fundargerð 142. fundar að öðru leyti samþykkt.

4. Fundargerð 148. fundar rekstrarnefndar frá 27. júní 2007.

Á fundinum var m.a. ársreikningur Hjallatúns fyrir árið 2006 samþykktur. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn með áritun sinni.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Finnboga Gunnarssonar f.h. Eyrarlands dags. 23. maí 2007.

Finnbogi sækir um niðurfellingu fasteignagjalda af félagsheimilinu Eyrarlandi fyrir árið 2007.

Samþykkt að veita styrk til Eyrarlands kr. 100.000,- með tilvísun í Reglur um styrkveitingar á móti álögðum fasteignaskatti sem samþykktar voru 19. apríl 2006.

2. Bréf Hestamannafélagsins Sindra dags. 13. júní 2007.

Sótt er um styrk vegna reiðskóla Sindra 2007.

Vísað er í erindi félagsins frá síðasta fundi en þar var samþykkt að veita styrk til starfsemi félagsins.

3. Bréf Vottunarstofunnar Túns dags. 5. júní 2007.

Með bréfinu er óskað eftir að hluthafar falli frá forkaupsrétti vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu hlutar Baugs Group hf yfir til Haga hf.

Sveitarstjórn hefur ekki hug á að nýta forkaupsrétt sinn og gerir ekki athugasemdir við áformin.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs. Sveinn leggur fram tillögu um að Þórhildur Jónsdóttir verði endurkjörin oddviti og Björgvin Jóhannesson varaoddviti.

Samþykkt með 3 atkvæðum (SP, BJ, ÞJ). Tveir sitja hjá (EE, KP).

2. Gatnagerðargjöld - bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31. maí 2007. Með bréfinu er minnt á að ný lög um gatnagerðargjald taka gildi 1. júlí n.k. Sveitarstjóra er falið að gera drög að nýrri samþykkt um gatnagerðargjöld.

3. Styrktarsjóður EBÍ

Sveitarstjóra og æskulýðs- og tómstundafulltrúa er falið að senda inn umsókn í sjóðinn til skipulagningar og uppsetningar á hreysti- og þrautbrautum/stöðvum á opnum svæðum.

4. Minka- og refaveiðar, bréf Umhverfisstofnunar dags. 5. júní 2007.

Með bréfinu er upplýst um viðmiðunartaxta ríkisins vegna refa- og minkaveiða fyrir uppgjörstímabilið 1. sept. 2006 - 31. ágúst 2007.

Sveitarstjórn samþykkir að staðið verði að refa- og minkaveiðum með sama hætti og verið hefur og í samræmi við reglur Mýrdalshrepps þar um.

5. Frumvarp til laga um réttarstöðu eigenda og leigjenda lóða í skipulagðri frístundabyggð. Lagt fram til kynningar.

6. Upplýsingamiðstöð.

Fyrir liggja drög að verksamningi um rekstur upplýsingamiðstöðvar í Brydebúð fyrir sumarið 2007 milli Mýrdalshrepps og Undanfara ehf.

Samþykkt með þremur atkvæðum (SP, BJ, ÞJ) gegn tveimur (EE, KP).

B-listinn leggur fram bókun:

B-listinn leggur áherslu á mikilvægi þess að vandað sé til skipulags og starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar. Gildi slíkrar þjónustu er óumdeilt og vettvangur sveitarfélagsins til þess að kynna svæðið yfir aðal ferðamannatímann. B-listinn telur samning þann sem liggur á borðinu koma alltof seint fram og ástæða hefði verið að leita eftir tilboðum í rekstur og fyrirkomulag upplýsingamiðstöðvarinnar í Vík. Á þessum grunni hafna fulltrúar B-listans samningnum.

Elín Einarsdóttir - Karl Pálmason

7. Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Með bréfi dags. 26. júní 2007 er boðað er til aðalfundar byggðasamlagsins 9. júlí nk. Fundargerð 20. stjórnarfundar er lögð fram til kynningar.

Samþykkt að annað hvort Sveinn eða Þórhildur fari með atkvæði Mýrdalshrepps. Sveinn tilnefndur sem fulltrúi í stjórn eða varastjórn falli slíkt sæti í hlut Mýrdalshrepps.

8. Fundarboð á hluthafafund Rangárbakka ehf.